

Þjónustukönnun SASS, vorið 2019

Niðurstöður könnunar

Júní 2020

ALMENNT:

Alls bárust 107 umsóknir í Uppbyggingarsjóð Suðurlands vorið 2019, þar af 58 menningarverkefni og 49 nýsköpunarverkefni. Þjónustukönnun var send út til 103 einstaklinga, en í sumu tilfellum er sami aðilinn að sækja um tvisvar og því stemmir talan ekki við fjölda umsókna. Samtals bárust 63 svör sem gefur 61% svarhlutfall. 48% þeirra sem svöruðu áttu verkefni í menningarhlutanum og 52% í atvinnuþróun og nýsköpun.


Umsækjendur voru spurðir hvar þeir fengu upplýsingar um úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands. Tæp 43% fengu upplýsingar á heimasíðu SASS. Næstflestir sögðust hafa fengið upplýsingar í gegnum auglýsingar í héraðs- og fréttablaðum. Rétt um 18% höfðu fengið ábendingu frá ráðgjafa á vegum SASS og getum við vafalaust bætt okkur þar.

ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Heimasíða SASS	42.86% 27
▼ Auglýsing í héraðs- eða fréttablaði	33.33% 21
▼ Ábending frá vini	26.98% 17
▼ Ábending frá ráðgjafa á vegum SASS	17.46% 11
▼ Auglýsing á Facebook	15.87% 10
▼ Annað, þá hvar? Responses	6.35% 4
▼ Heimasíða sveitarfélags	3.17% 2
▼ Sá bækling Uppbyggingarsjóðs	1.59% 1
Total Respondents: 63	

Hvar fékkst þú upplýsingar um úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands? Hægt er að velja um fleiri en einn valmöguleika.

UM SJÓÐINN:

Umsækjendur voru spurðir að því hvað þeim þætti almennt best lýsa skoðun þeirra á stærð og fjölda styrkveitinga á Suðurlandi. 84% svöruðu annað hvort „að fjölbreytni ætti að ríkja í stærð styrkveitinga“ eða „að fjöldi styrkveitinga ætti að ráðast af eðli umsókna hverju sinni“. Þetta er nokkuð lægra hlutfall en síðast þegar var spurt en þá voru það nærri 96% sem svöruðu því til. Einnig var spurt hvað umsækjendum þætti um fjölda úthlutana á ári og voru 97% svarenda á því að úthlutanir ættu að vera tvær á ári.




Stærð og fjöldi styrkveitinga?

Fjöldi úthlutuna á ári

UMSÓKNARFORMIÐ OG VEFURINN:

Spurt var um umsóknarformið og sögðust 86% vera frekar eða mjög ánægð með formið og voru aðeins tveir svarendur frekar eða mjög óánægðir. Tæplega 85% svarenda fannst framsetning og gæði leiðbeininga við að fylla út umsókn hjá sjóðnum mjög góð eða frekar góð og 87% svöruðu að framsetning og gæði upplýsinga um sjóðinn á vefnum væri frekar eða mjög góð. Aðeins einn var á því að gæðin væru frekar eða mjög slæm.




Ánægja með umsóknarform

Framsetning og gæði leiðbeininga við að fylla út umsókn

RÁÐAGJAFAPJÓNUSTAN:

Rúmlega 89% svarenda voru frekar eða mjög ánægðir þegar spurt var hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu ráðgjafa á vegum SASS. Þrír voru frekar eða mjög óánægðir og tveir hvorki né. Aðeins tveir umsækjendur voru í engum samskiptum við ráðgjafa við vinnslu umsóknar sem er afar jákvætt að sjá.



Ánægja/óánægja með þjónustu ráðgjafa

Umsækjendur voru spurðir „ef verkefni þitt hlýtur styrk úr sjóðnum, hvaða væntingar hefur þú til þjónustu og ráðgjafar á vegum SASS?“ (Hér mátt velja fleiri en einn). Flestir vilja hafa reglubundin samskipti og fá ráðgjöf um frekari möguleika á fjármögnun verkefnis. En amk. 50% svöruðu því til. Einnig vildu margir fá aðstoð við mótun og framgang verkefnis í upphafi ásamt ráðgjöf um stoðkerfið.

ANSWER CHOICES	RESPONSES
Reglubundin samskipti á meðan á verkefni stendur	56.45% 35
Ráðgjöf um frekari möguleika á fjármögnun verkefnis	50.00% 31
Aðstoð við mótun og framgang verkefnis í upphafi	41.94% 26
Ráðgjöf um stoðkerfi atvinnu-, nýksöpunar og/eða menningarmála	32.26% 20
Handleiðsla ráðgjafa á meðan á verkefni stendur	24.19% 15
Ráðgjöf um námskeið eða fræðslu sem stutt gæti við verkefnið	22.58% 14
Total Respondents: 62	

Ef verkefni þitt hlýtur styrk úr sjóðnum, hvaða væntingar hefur þú til þjónustu og ráðgjafar á vegum SASS?Hægt er að velja um fleiri en einn valmöguleika.

Umsækjendur voru einnig spurðir um hvaða væntingar þeir hefðu til þjónustu og ráðgjafar á vegum SASS ef þeir hlytu ekki styrk á vegum SASS. Þar svöruðu 60% að þeir vildu fá ráðgjöf um aðra sjóði eða fjármögnunarleiðir og 45% að ráðgjafi setti sig í samband við umsækjendur. Aðeins 18% höfðu engar væntingar um þjónustu og ráðgjöf á vegum SASS.

ANSWER CHOICES	RESPONSES
Ráðgjöf um aðra sjóði eða fjármögnunarleiðir	59.68% 37
Að ráðgjafi setji sig í samband	45.16% 28
Ráðgjöf um stoðkerfi atvinnu-, nýksöpunar og/eða menningarmála	22.58% 14
Ráðgjöf um þróun og mótun verkefnis	19.35% 12
Engar væntingar til þjónustu og ráðgjafar á vegum SASS	17.74% 11
Ráðgjöf um námskeið eða fræðslu sem stutt gæti við verkefnið	16.13% 10
Total Respondents: 62	

Ef verkefni þitt hlýtur EKKI styrk úr sjóðnum, hvaða væntingar hefur þú til þjónustu og ráðgjafar á vegum SASS?Hægt er að velja um fleiri en einn valmöguleika.

ÁHERSLUR, MARKMIÐ OG ÚTHLUTUNARREGLUR

Í lokin voru settar fram nokkrar valkvæðar spurningar þar sem spurt var hvað umsækjendum ætti um áherslur og markmið sjóðsins annars vegar og úthlutunarreglurnar hinsvegar. Aðeins svöruðu 10 fyrri spurningunni og 8 þeirri síðari. En svörin voru almennt jákvæð fyrir utan eitt svarið þar sem viðkomandi fannst úthlutunarreglurnar of þröngar.

NIÐURSTÖÐUR

Greinilegt er að þjónusta vegna síðustu úthlutunar var umsækjendum nokkuð að skapi. Það sem kemur hvað mest á óvart er hve margir umsækjendur vænta þess að ráðgjafar á vegum SASS setji sig í samband jafnvel þrátt fyrir að verkefni hljóti ekki styrk. Það er eitthvað sem við þurfum að bæta hjá okkur og munum við skoða hvernig við getum sett það inn í verkferla okkar eftir hverja úthlutun.